

hjá fullorðnum og skólabörnum á Íslandi sendum stuttan spurningalista til um 3000 fullorðinna á aldrinum 20-55 ára og 3000 skólabarna á aldrinum 7-10 ára. Þátttakan var allgöð eða um 70% hjá fullorðnum og 80% hjá börnunum. Við höfum einnig tekið ítarlegt viðtal og blóðprufu hjá 481 fullorðnum einstaklingum og tæplega 100 börnum en við eigum eftir að ræða við um 380 börn. Það sem kemur óvart er að um 1/3 fullorðinna telur sig hafa óþægindi af einhverjum mat sem það borðar. Þetta þýðir þó ekki að allir þeir hafi fæðuofnæmi. Það er hluti rannsóknarinnar finna hvað liggur þar að baki. Leitað er eftir sértækum mótæknum gegn fæðu í blóð þátttakenda en þær niðurstöður liggja ekki fyrir eins og er. Þó er ljóst að ofnæmi gegn sjávarfangi er mun algengara hér en í hinum Evrópulöndunum að Grikklandi undanskildu. Ofnæmi gegn hnetum er algengt ofnæmi í flestum Evrópulöndum það á einnig við á Íslandi.

Ofnæmisviðbragð við hnetum og sjávarfangi getur verið mjög hastarlegt og lífshættulegt. Einstaklingar með bráðafæðuofnæmi bera flestir með sér sprautu sem inniheldur adrenalin til meðhöndlunar ef þeir skyldu óvart fá í sig þá þá fæðu sem þeir hafa ofnæmi gegn. Í könnun sem gerð var á Íslandi 1993 svöruðu 15% fullorðinna sem tóku þátt að þeir yrðu illt af einhverjum mat. Því má ætla að þetta vandamál hafi aukist hérlandis þar sem þriðjungurinn telur verða illt af einhverjum mat í okkar rannsókn. Í flestum löndum er mjólk, egg, fiskur, jarðhnetur, soja og hveiti algengustu fæðuofnæmisvaldar hjá ungum börnum. Svo virðist einnig vera á Íslandi. Flest börn losna við fæðuofnæmið þegar þau eldast en ofnæmi gegn sjávarfangi og hnetum eldist síður af. Ofnæmi gegn hentum og sjávarfangi er algengast hjá fullorðnum hér á landi eins og annars staðar í Evrópu virðist okkur við fyrstu skoðun á rannsóknarniðurstöðunum. Það sem

hefur greinilega breyst á síðustu árum er að nýir ofnæmisvaldar hafa komið til sögunar til að nefna kiwi, furu-hnetur og sólblómafræ. Dæmi eru héðan um ung börn sem hafa fengið svæsin ofnæmisviðbrögð jafnvel lent á gjörgæsludeild vegna ofnæmis gegn áður nefndum fæðutegundum. Þetta er áhyggjuefni og eykur enn kröfuna á að EuroPrevall rannsóknin skili af sér árangri sem getur orðið þessum einstaklingum að liði og hugsanlega komið í veg fyrir myndun fæðuofnæmis hjá komandi kynslóð. Áhugi fyrir rannsókninni hefur verið með ágætum á Íslandi og þátttakan góð. Hlutur Íslands skiptir því miklu máli til að ná settu marki í Europrevall rannsókninni.

*Michael Clausen, lækni
sérfræðingur í barnalækningum
og ofnæmisjúkdómum barna.
Landspítali Háskólasjúkrahús.*

Dregur lýsisneysla mæðra á meðgöngutíma úr líkum á ofnæmi hjá börnum?

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna vísindamanna í Háskólanum í Linköping í Svíþjóð eru sterkar vísendingar um að sú sé raunin. Rannsóknin hófst árið 2005 og var tilgangur hennar m.a. sá að kanna hvort að Omega 3 fitusýrur hefðu jákvæð áhrif á ofnæmi hjá börnum. Fylgst var með 145 þunguðum konum sem komu úr fjölskyldum þar sem mikið var um astma og ofnæmi. Frá 25. viku meðgöngu og til loka þriðja mánaðar sem konurnar höfðu börnin á brjósti fengu þær 9 lýsispillur á dag. Þ.e.a.s. helmingur kvennanna fengu lýsispillur en hinar lyfleysu. Hvorki vísinda-

mennirnir né konurnar vissu hver fékk hvað; lýsispillur eða lyfleysu. Niðurstaða rannsóknarinnar var m.a. sú að við eins árs aldur voru helmingi minni líkur á að börn mæðranna sem höfðu tekið inn lýsi hefðu ofnæmi fyrir eggjum. Þetta er mjög athyglisvert því fyrri rannsóknir sýna að þeir einstaklingar sem hafa ofnæmi fyrir eggjum í barnæsku eru líklegri til að fá önnur ofnæmi, astma og exem, síðar á lífsleiðinni. Börn mæðranna sem tóku þátt í rannsókninni eru nú orðin þrígga ára. Fylgst hefur verið með börnunum og þau gengist undir margs konar rannsóknir. Sérstaklega hefur

verið leitað eftir því hvort þau hafi fengið exem og ofnæmi fyrir mjólk, eggjum og köttum. Greinilegt er að lýsi styrkir ónæmiskerfi mæðranna. Þær mæður sem höfðu tekið inn lýsi höfðu mun minna prostaglandin E2 í blóðinu en þær mæður sem fengu lyfleysu. Prostaglandin E2 eykur líkurnar á ofnæmisviðbrögðum í líkamanum. Þau sem unnu þessa rannsókn eru ónæmissérfræðingurinn Malin Fagerås Böttcher og læknirinn Karel Duchén sérfræðingur í ofnæmissjúkdómum barna. Rannsóknin heldur áfram og nú á sérstaklega að rannsaka ofnæmi í öndunarferum barna.

